

Dóminum að fullnægja áður liðnar sju 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaaðför.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 61/1915.

Einar M. Jónasson og
Sigurjón Ólafsson
gegn

Birni Kristjánssyni og
Birni Sigurðssyni
þeim sjálfum og

f. h. Landsbankans og
Jóni Magnússyni bæjarfógeta.

D ó m u r :

Í máli þessu hafa áfrýjendurnir Einar M. Jónasson og Sigurjón Ólafsson skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 11. sept. þ. á, uppboðsréttargerð Reykjavíkur á húseign hér í bænum, er fram fór 22. júlí 1911, og hafa þeir krafist þess, að uppboðsgerðin ásamt eftirfylgjandi afsali verði úr gildi feld, og að uppboðsráðandinn, hinn stefndi bæjarfógeti og hinir stefndu Landsbankastjórar verði sektaðir og dæmdir í hæfilegar skaðabætur; svo krefjast þeir og málskostnaðar eftir mati yfirdómsins.

Hinir stefndu bankastjórar og bæjarfógeti hafa af annari hálfu krafist þess, principaliter, að málinu

verði vísað frá yfirdóminum og in subsidium, að uppboðsgerðin verði staðfest og þeir að öllu leyti sýknaðir; svo krefjast þeir og, hvor um sig, málskostnaðar hjá áfrýjendum, hvernig sem málið fer.

Þegar áfrýjunarstefnan var útgefin í máli þessu, voru liðin 3 ár og nærfelt 7 vikur að auk frá þeim tíma, er hin áfrýjaða uppboðsgerð fram fór, en hún var framkvæmd af hinum reglulega uppboðsráðanda á venjulegan hátt, og var áfrýjandinn Einar M. Jónasson sjálfur við uppboðsgerðina og undirskrifaði hana. Áfrýjendur hafa eigi fengið uppreist til áfrýjunar, en telja sér hana heimila fyrir þá skuld, að uppboðsgerðin »líði af quærela nullitatis insanabilis«, eins og þeir komast að orði. En þetta er rakalaust og hefir enga stoð í lögum. Sérstaklega skal það tekið fram, að uppboðsráðandanum var samkvæmt uppboðsskilmálunum heimilt að samþykkja boð í húseignina, þótt annað hærra boð væri gert í hana á uppboðinu. Það verður fyrir því að vísa máli þessu frá yfirdóminum, og eftir þessum úrslitum verða áfrýjendurnir in solidum að greiða hinum stefndu málskostnað, er ákveðst 25 kr., til handa bankastjórnunum og 25 kr. til handa bæjarfógetanum.

Í sóknarskjölum sínum fyrir yfirdóminum hefir áfrýjandinn Einar M. Jónasson meðal annars sagt þetta: »Jafnframt þessu krefst eg, að bankastjórnarnir ásamt uppboðsráðanda Reykjavíkur Jóni Magnússyni verði sem slíkir sektaðir fyrir visvitandi að vilja valda öðrum tjóns, sem er sannanlegt um þá alla«. »Mér kom ekki til hugar slík ósvífni uppboðsráðanda og bankastjórnar sem orðið hefir«. »Annars er

ástæðulaust að rifast um þetta; á þessum aðförum valdhafanna, er að engu hafa virt lög og rétt, o. s. frv. »og þeim háu herrum helzt uppi hinar sviksamlegu aðfarir þeirra«, og virðist þessu vera sveigt til hinna stefndu. Ennfremur ritar hann á þessa leið í framhaldssókn sinni: »Mikil er trú andstæðinga minna og traust þeirra um verndun landsyfirréttarins, þar sem mótpartur að eins af þeirri ástæðu, að eg er áfrýjandi málsins, álitur nægilegt að ekki hefði verið mætt í málinu. Eg ætla hvorki að fallast á eða reyna að hrekja skoðun mótpartsins, þar sem á engan hátt verður komist hjá því að fá álit réttarins, ef maður ekki vill una rangindunum og koma málinu lengra áleiðis, hefi eg ráðist í að áfrýja því og læt mér standa á sama um persónulega vild eða óvild. Eg er nú orðinn svo vanur dómum þessa réttar, að eg verð að halda því fram að ekki muni um »en Pölse i Slagtetiden«. Fyrir þennan ósæmlega rithátt verður Einar M. Jónasson að sæta sekt, er ákveðst 40 kr., og renni hún að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur og að helmingi í landssjóð.

Því dæmist rétt vera:

Máli þessu vísast frá dómi. Áfrýjendur Einar M. Jónasson og Sigurjón Ólafsson greiði hinum stefndu bankastjórum Birni Kristjánsyni og Birni Sigurðssyni in solidum 25 kr. og hinum stefnda bæjarfógeta Jóni Magnússyni in solidum 25 kr. hvorttveggja sem málskostnað.

Einar M. Jónasson greiði sekt 40 kr., er að helmingi renni í landssjóð, en að helmingi í fátækra sjóð Reykjavíkur.

Málkostnaður og sekt greiðist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 20. desember 1915.

Nr. 78/1915.

Réttvísinn

gegn

Sigfúsi Sveinbjörnssyni.

Úrskurður:

Áður en dómur er lagður á mál þetta þykir nauðsynlegt að leita með réttarrannsókn frekari upplýsinga um þau atriði, er nú skal greina:

1. Fá skýrslu konu Kjartans Þorkelssonar á Litlu-Hnausum um samtal Hallbjörns Þorvaldssonar í Gröf, við mann hennar vorið 1913, er ræðir um í prófunum, og yfirheyrja Hallbjörn á ný hér að lútandi, eftir því sem framburður konunnar kann að gefa til efni til.

2. Fá upplýsingar um hvernig fyrir hafi verið komið læsingu á búðarhurðinni í húsi ákærða, sérstaklega um það, hvort hægt hafi verið að loka hurðinni að utan.

3. Fá skýrslu Magnúsar Jónssonar um skotfæri